

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi milli Æsustaðaafleggjara og Helgadalsvegar, Mosfellsdal.

Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur þann 19. júlí 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingar á deiliskipulagi reits í Mosfellsdal sunnan Þingvalla-vegar, milli Æsustaðaafleggjara og Helgadalsvegar. Breytingar felast í því að lóðum er fjölgað úr tveimur í sex. Lóðirnar eru frá 1 – 1,5 ha að stærð og verða nr. 1 – 11 við Roðamóa.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 9. ágúst 2007.

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 22. ágúst 2007